



Fundargerð

Svæðisráð norðursvæðis - 58. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn Akureyri, 8. apríl 2019, kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Óli Halldórsson, formaður, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, svæðisráðsfulltrúi, Hjördís Finnbogadóttir, fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Grétar G. Ingvarsson, fulltrúi útivistarféлага, Arnheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi ferðapjónustunnar, Anton Freyr Birgisson, svæðisráðsfulltrúi, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi.

1. Ásbyrgi - stækkun þjóðgarðs - 1904011

Fyrir á þessu ári færðist yfirumsjón Ásbyrgis frá Skógræktinni til Vatnajökulsþjóðgarðs og var það í samræmi við óskir svæðisráðs norðursvæðis þar að lútandi. Stjórn þjóðgarðsins telur eðlilegt að mörk hans verði uppfærð í samræmi við hið nýja samkomulag þannig að lög um Vatnajökulsþjóðgarð og reglugerðir gildi þar á sama hátt og annars staðar í þjóðgarðinum.

Stjórn hefur falið þjóðgarðsverði og framkvæmdastjóra að vinna að nánari útfærslu þjóðgarðsmarka í Ásbyrgi í samráði við svæðisráð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Svæðisráð leggur til að land Ásbyrgis sunnan þjóðveggar 85 verði innan þjóðgarðsmarka. Þjóðgarðsverði falið að hafa samráð við lóðarhafa á lóð A um útfærslu.

2. UAR - Úthlutun úr landsáætlun vegna áranna 2019 - 2021 - 1903011

Úthlutunir í landsáætlun um uppbyggingu innviða voru kynntar í mars sl. Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs fékk úthlutað sem hér segir, til viðbótar við fyrri úthlutunir:

Dettifoss vestan - Göngupallur 4. áfangi: 15.000.000

Dettifoss vestan - Göngupallur 5. áfangi: 52.000.000

Dettifoss vestan - Nýtt þjónustusvæði: 10.000.000

Hólmatungur - Þurrsalerni: 28.040.000

Jökulsárgljúfur - Hjólaleið: 10.000.000

Vesturdalur - Upplýsingamiðstöð: 25.000.000

Langavatnshöfði - Útsýnispallur: 12.500.000

Herðubreiðarlindir - Innviðir: 5.130.000

SAMTALS KRÓNUR: 157.670.000

Viðbúið er að öll ofangreind verkefni er tilheyra Jökulsárgljúfrum komi til framkvæmda á árunum 2020-2021. Einnig eru á bið nokkur verkefni sem fengu styrk árið 2018. Hins vegar verður áhersla í ár lögð á að hefja framkvæmdir við salernishús vestan Dettifoss, bílastæði við Gljúfrastofu og hjóla- og reiðleiðir í Ásbyrgi.

Í Herðubreiðarlindum er þörf á viðhaldi orðin brýn, en vonir standa til að svæðið verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði áður en langt um líður.

Auk áðurgreindra verkefna, liggur fyrir fjármagn sem áður var úthlutað til verkefna á norðursvæði.

Svæðisráð lýsir yfir ánægju sinni með úthlutanir úr landsáætlun til norðursvæðis. Vel ígrunduð uppbygging innviða á þeim stöðum sem hún á við er lykill að sjálfbærri nýtingu náttúrusvæða. Ljóst er að þau verkefni sem hlutu brautargengi munu styðja og styrkja norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs og hjálpa þjóðgarðinum að ná fram markmiðum sínum.

Svæðisráð leggur áherslu á að við útfærslu hugmynda er varða hagsmuni einstakra notendahópa, t.d. fjallareiðhjólafólks, verði haft samráð við hlutaðeigandi um útfærslur.

3. DrekaGil Smávirkjun - 1711002

Þjóðgarðsvörður á hálendi fór yfir áætlun Neyðarlínu vegna smávirkjunar í DrekaGili, sem reisa á í sumar. Vatnajökulspjóðgarður, ásamt fleiri rekstraraðilum hefur áhuga á nýtingu rafmagns frá virkjuninni og standa vonir til að lagt verði að húsum í sumar.

Lagt fram til kynningar.

4. DrekaGil - lóðaúthlutun - 1903016

Stofnun lóðar fyrir aðstöðuhús á taldsvæði í DrekaGili er í ferli. Að því loknu verður lóðin auglýst skv. skilmálum deiliskipulags, líkt og lög um þjóðlendur nr. 58/1998 gera ráð fyrir.

5. Atvinnustefna - 1709017

Stefnumótun um atvinnustefnu gengur skv. áætlun og drög væntanleg í opið samráðsferli innan skamms.

Svæðisráð leggur áherslu á að þau ákvæði atvinnustefnu sem geta talist íþyngjandi verði gerð opinber með góðum fyrirvara.

Svæðisráð mun fjalla efnislega um atvinnustefnu þegar hún verður kynnt með formlegum hætti.

6. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs - staða Jökulsárgljúfra - 1809019

Formaður svæðisráðs fór stöðuna hjá nefnd um stofnun miðhálandisþjóðgarðs en þar er hann jafnframt formaður.

Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs telur að nokkur mál þurfi að ræða í þessu samhengi:

1) Þjóðgarðssvæðið í Jökulsárgljúfrum er langt utan miðhálandisins og hefur allt aðra eiginleika sem áfangastaður ferðamanna. Eigi ferðapjónustan á Norðurlandi að geta nýtt sér þjóðgarðinn í markaðs- og kynningarstarfi er mikilvægt að einhverskonar mörkun eða auðkenning eigi sér stað, þannig að ferðamenn geri sér betur grein fyrir að Jökulsárgljúfur eru þjóðgarður og áfangastaður sem er aðgengilegur allan ársins hring og með tilheyrandi þjónustustigi.

2) Fari svo að Jökulsárgljúfur verði utan miðhálandisþjóðgarðs, er mikilvægt að það stjórnkerfi sem Vatnajökulspjóðgarður byggir á gildi áfram fyrir Jökulsárgljúfur. Aðkoma sveitarfélaga og hagsmunafélaga í gegnum svæðisráð og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs er afar mikilvægur þáttur í því að stjórn og umsjón þjóðgarðsins sé að sem mestu leyti í höndum heimamanna og að sátt sé um hann heima í héraði.

Hjördís Finnbogadóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka sat hjá við afgreiðslu málsins.

7. Þjóðgarðastofnun - frumvarp - 1904012

Frumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða hefur verið lagt fram á Alþingi.

Lagt fram til kynningar. Svæðisráð áætla að taka málið til umræðu þegar mælt hefur verið fyrir frumvarpinu og umsagnarferli hefst.

Fundi slitið kl. 13:00.